

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023.

Frá 4. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Krónutölugjöld.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efnahags- og viðskiptanefnd hafa lagt fram sameiginlega breytingartillögu við frumvarpið. Þar er lögð áhersla á að verja almenning fyrir áhrifum verðbólgu og vaxtahækkana, annars vegar með auknum stuðningi við skuldsett heimili gegnum vaxtabótakerfið og hins vegar með því að falla frá þeirri miklu hækkun krónutölugjalda sem ríkisstjórnin leggur til og ljóst er að kemur verst niður á tekjulægri heimilum landsins og hefur minnst áhrif á tekjuhæstu heimilin. Að auki leggja fulltrúar minni hlutans til ráðstafanir á tekjuhlið ríkisfjármálanna sem eru til þess fallnar að bæta afkomu ríkissjóðs og sporna gegn þenslu.

Það að verja almenning og heimili fyrir efnahagslegum þrengingum ætti að vera forgangsverkefni stjórnvalda þegar kreppir að. Á þetta sérstaklega við um tekjulágar fjölskyldur og meðaltekju fjölskyldur. Því miður ber frumvarpið, auk fjárlagafrumvarpsins sem stefnt er að því að afgreiða, ekki með sér að aðgerðirnar hafi verið mótaðar með hag þessara hópa að leiðarljósi. Hægt hefði verið að grípa til annarra aðgerða til að draga úr verðbólgu sem veltu meiru af byrðinni yfir á hærri tekjuhópa, eins og hækkunar fjármagnstekjuskatts sem lagt er til í sameiginlegri breytingartillögu stjórnarandstöðunnar. Það er miður að slíkt hafi ekki verið gert og styður 4. minni hluti því framgang framangreindrar sameiginlegrar breytingartillögu stjórnarandstöðunnar.

Aðgerðir í þágu loftslagsmála.

Aðgerðir í þágu loftslagsmála verða æ mikilvægari eftir því sem aðsteðjandi loftslagsvá verður alvarlegri. Forgangs-röðun fjármuna ríkisins skiptir gríðarlegu máli þegar kemur að árangri í þessari baráttu. Samantekið hafa loftslagsaðgerðir ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur á síðustu árum leitt til þeirrar ótrúlegu niðurstöðu að á milli árána 2020 og 2021 jókst losun gróðurhúsalofttegunda um 3%. Það sýnir svart á hvítu það sem loftslagsráð hefur bent á, að aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu ómarkvissar og ekki í samræmi við viðvaranir IPCC. Ríkisstjórnin virðist því algerlega ófær um að forgangsraða fjármunum í þágu loftslagsaðgerða á skynsamlegan hátt.

Nýting á ívilnunum vistvænna ökutækja.

Kostnaður ríkisins af ívilnunum vegna vistvænna bifreiða hefur numið tugum milljarða króna sl. ár. Efnahags- og viðskiptanefnd kallaði eftir minnisblaði frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um upplýsingar er varða dreifingu virðisaukaskattsívilnana á mismunandi orkugjafa og mismunandi tekjutíundir í vinnu sinni á 152. löggjafarþingi. Talnagögnin bera með sér að nýting ívilnana aukist verulega eftir því sem tekjur aukast. Þannig nýtast 47% allra

ívilnana fyrir vistvæna bíla í efstu tekjutiundinni þegar um einstaklinga er að ræða, en 24% þegar um fjölskyldur er að ræða. Ljóst er því að ívilnunin nýtist í mun meira mæli hátekjuhópum en þeim sem lægri tekjur hafa, og stríðir framkvæmd hennar þannig gegn réttlátum umskiptum í orkuskiptum.

Það er mikilvægt að stuðla að því að ívilnun til orkuskipta dreifist jafnar á aðrar tekjutiundir. Að mati 4. minni hluta ættu ívilnanir því einnig að ná til ódýrari vistvæna ökutækja eins og metanbíla. Að efla aðgengi allra tekjuhópa að vistvænum orkugjöfum er afar mikilvægur þáttur í réttlátum umskiptum og telur 4. minni hluti því rétt að gera tillögur þess efnis.

Gera verður enn fremur athugasemdir við að ívilnunarkerfið taki ekki tillit til mikilvægis þess að fækka bílum í umferð til þess að bregðast við sívaxandi loftmengun og álagi á vegakerfið. Af framleiðslu vistvæna bíla skapast töluvert sótspor líkt og við framleiðslu annarra tækja. Einnig er mengun af völdum slits á malbiki og bíldekkjum mjög skaðleg heilsu fólks og því er ekki nóg að auðvelda kaup á rafbílum ef fækkun bíla í umferð fer ekki samhliða.

Í nútíðandandi lögum er ekkert sem kemur í veg fyrir að einn og sami einstaklingurinn eða fjölskylda nýti heimildina oft, þannig að einn einstaklingur eða ein fjölskylda getur fengið niðurgreiddar töluverðar fjárhæðir frá ríkinu við kaup á fleiri en einni vistvænni bifreið. Sömuleiðis er ekkert sem kemur í veg fyrir að einstaklingar eða fjölskyldur sem fyrir eiga bifreiðar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti njóti ívilnunar til þess að bæta við fleiri farartækjum á heimilið.

Í ljósi þessa og í anda þess að vinna að réttlátum umskiptum og að fjölga ekki bifreiðum í umferð leggur 4. minni hluti til breytingar með það að markmiði að ívilnunin nýtist fyrst og fremst þeim sem þurfi á henni að halda fyrir eigin samgöngur. Í því felst að einstaklingar og fjölskyldur sem eiga engan bíl njóti fullrar endurgreiðslu virðisaukaskatts, en þau sem eiga einn bíl fyrir, óháð tegund, njóti hálftrar endurgreiðslu. Þau sem eiga fleiri en einn bíl fyrir njóti enngar endurgreiðslu.

Metanbifreiðar.

Heimild til niðurfellingar virðisaukaskatts, sem er að finna í ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, var fyrst bætt við lögin með 10. gr. laga nr. 69/2012, en tilgangur þess var að styrkja samkeppnishæfni umhverfsvæna bifreiða með litla eða enga losun koltvísýrings. Lengi vel nutu svonefndar tengiltvinnbifreiðar þessarar ívilnunar sem þó munga oft á köflum á við sparneytinn bensínbíl. Hámark var sett á niðurfellingu gjalda af slíkum bifreiðum, en eftir að 15.000 slíkar bifreiðar voru skráðar var hámarkinu náð og niðurfellingu gjalda tengiltvinnbifreiða hætt, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Metanbílar hafa ávallt verið undanskildir þessum ívilnunum þrátt fyrir að vera mjög vistvæn ökutæki. Í ljósi þessa, og þess að niðurgreiðslu á tengiltvinnbifreiðum hefur verið hætt, leggur 4. minni hluti til að heimilt verði að fella niður gjöld með sama hætti fyrir metanbíla.

Metanbílar eru afar vistvæn ökutæki sem nýta þar að auki innlent eldsneyti. Metan er gas sem verður til við urðun á rusli hér á landi, en sjálft er gasið afar öflug gróðurhúsalofttegund, mun skaðlegri en koltvísýringur eða allt að 25 sinnum skaðlegri. Nauðsynlegt er því að brenna metani frekar en að sleppa því út í andrúmsloftið. Að keyra metanbíl er því umhverfissvænt á tvo vegu, því ekki aðeins sniðgengur ökumaður bifreiðarinnar jarðefnaeldsneyti, heldur brennir notkun bifreiðarinnar einnig hættulegu gasi. Flestir metanbílar eru með tanka bæði fyrir jarðefnaeldsneyti og metan sem fellur vissulega utan skilgreiningarinnar á hreinorkubíl. Aftur á móti eru metanbílar mun umhverfissvænni en tengiltvinnbílar þar sem hægt er að keyra margfalt lengri vegalengd á metangasi en flestir tengiltvinnbílar geta að

jafnaði keyrt á rafmagni. Þá er einnig vert að nefna að nóg er af umframmetangasi á Íslandi sem verður að brenna og því er töluvert framboð af eldsneyti fyrir metanbíla sem betra væri að nýta heldur en að sleppa því út í andrúmsloftið.

Nýir metanbílar eru að jafnaði töluvert ódýrari en nýir rafmagnsbílar og þeir eru þar að auki ekki eins dýrir og mengandi í framleiðslu. Endurgreiðsla vegna metanbíla býður því upp á hagstæðari kost. Kaup á metanbílum er góð orkuskiptafjárfesting fyrir lægri tekjutíundir sem hafa ekki ráð á því að kaupa nýja rafbíla. Þessi viðbót er liður í réttlátari umskiptum í orkuskiptum.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, heimild til að fella niður virðisaukaskatt við fyrstu sölu og endursölu metanbifreiða, líkt og þegar um rafbíla og vetnisbíla er að ræða, sbr. 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Enn fremur er lagt til að bætt verði fjöldatakmörkum við 7. mgr. samhljóða fjöldatakmörkum vetnisbifreiða, þ.e. um 15.000 ökutæki.

Að framansögðu virtu leggur 4. minni hluti til eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 58. gr. komi nýr kafli, **Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988**, með einni nýrri grein, 59. gr., svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögnum:

- a. Á eftir orðinu „rafmagns-“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: metan-.
- b. Við 1. mgr. bætast tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Skilyrði fyrir niðurfellingu virðisaukaskatts samkvæmt ákvæði þessu er að kaupandi bifreiðarinnar eða aðili sem hann er samskattaður með skv. 62. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, eigi ekki aðra bifreið. Þó getur kaupandi átt rétt á niðurfellingu helmings virðisaukaskatts eigi hann eða aðili sem hann er samskattaður með nú þegar eina bifreið.
- c. Á eftir 1. tölul. 7. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Af metanbifreið frá og með sjötta virka degi næsta almanaksmánaðar eftir að samtals 15.000 slíkar bifreiðar, sem notið hafa þess háttar ívilnana, hafa verið skráðar á ökutækjaskrá.
- d. Á eftir orðinu „rafmagns-“, í 1. og 2. tölul. 8. mgr. kemur: metan-

Alþingi, 12. desember 2022.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.